

**Nd.**

### **559. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin taldi rétt að bera þetta mál undir stjórn bankanna, og hafa henni borizt svör þeirra. Á þeim svörum er andsett, að bankarnir telja sig ekki hafa haft neitt verulegt gagn af starfi eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum. Bankaráð Landsbanka Íslands skirskotar í svari sínu til samþykktar, sem gerð var um þetta mál í bankaráðinn 7. okt. 1930 og hljóðar svo:

„Undir því skipulagi, sem komið er á stjórn Landsbankans og endurskoðun, með lögum nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, telur bankaráðið ástæðulanst, að eftirlitsmaður banka og sparisjóða hafi nokkurt eftirlit með Landsbankanum, svo og að bankinn endurgreiði ríkissjóði nokkuð af launum eftirlitsmannsins.

Nú, með því að bankaráðinu er ekki kunnugt um, að eftirlitsmaðurinn hafi nokkurt eftirlit rækt í Landsbankanum 2—3 síðnstu árin, hefir það ástæðu til að ætla, að eftirlit hans þar sé óþarft, og því leyfir bankaráðið sér að leggja til við fjármálaráðherrann, að hann hlutist til um, að sú breyting verði gerð á lögum nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, að Landsbankinn sé þar undanskilinn, nema gera megí það með reglugerð í skjóli 2. gr. laganna, og verði það þá gert“.

Í svipaðan streng tekur fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h/f, og hefir það farið fram á, „að bankinn verði undanþeginn þeirri kvöð, að greiða hluta af launum eftirlitsmanns með bönkum og sparisjóðum, enda telur bankinn sig ekki skyldan til slíkrar greiðslu“.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands tekur fram, „að hún hafi enga aðstöðu haft til þess að dæma um gagnsemi starfs þessa“.

Þrátt fyrir þessi svör bankanna verður nefndin að líta svo á, að ekki beri að hrapa að því að afnema það eftirlit með bönkum og sparisjóðum, sem lög nr. 48, 20. júní 1923, ákveða, án þess nokkuð komi í staðinn. Nefndin her að visu engar brögður á þau ummæli hankaráðanna, að bankarnir hafi haft lítið gagn af starfi eftirlitsmannsins, en hún telur, að not bankanna sjálfra af þessu starfi sé ekki aðalatriðið í málinu, heldur öryggi almennings.

Raddir hafa heyrzt um það, og má jafnvel skilja á svörum bankaráðanna, að starf þetta hafi verið slælega rækt undanfarið. En þó svo kynni að vera, er það engin sönnun þess, að starfið sé óþarft, heldur bendir til, að um það þurfi að bæta. Í þessu sambandi má geta þess, að eftirlitsmanninum hefir enn ekkert erindisbréf verið sett, og er líklegt, að það sé að einhverju leyti orsök þess, hvað á þykir skorta um starf hans. Virðist vera auðvelt að bæta úr því atriði.

Eins og bankamálum vorum er nú háttað, má heita, að ríkið heri ábyrgð á allri bankastarfsemi í landinu og á því afarmikið i hættu i því efni. Þá á og almenningur mikið i hættu, þar sem er allt sparifé landsmanna. Það virðist því vera sjálfsagt og hein skylda, að ríkisvaldið hafi eftirlit með peningastofnunum landsins. Hitt er annað mál, hvernig því eftirliti verði hezt og haganlegast fyrir komið. Slikt eftirlit er að sjálfsögðu sett vegna öryggis almennings, eins og áður segir, og ríkisins sjálfs. Bankarnir og aðrar peningastofnanir njóta svo mikils stuðnings og hlunninda hjá ríkinu, að ekki er nema sanngjarnt og eðlilegt, að þessar stofnanir kosti eftirlitið, þó það sé ekki sett fyrst og fremst þeirra sjálfra vegna, heldur vegna almennings.

Nefndin er því þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin hafi eða láti hafa eftirlit með lánsstofnunum landsins. En hvort til þess þurfi að halda því embætti, sem hér um ræðir, treystir nefndin sér ekki til að segja um að svo stöddu. Vera má, að þessu megi koma fyrir á ódýrari hátt heldur en nú er, og væri það auðvitað æskilegt.

Nefndin telur nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað rækilegar en enn er orðið. Þá athugun stendur stjórnin hezt að vígi að gera. Vill nefndin því ráða til, að stjórninni verði falið að athuga málið og væntir þess, að hún leggi tillögur sínar þar um fyrir næsta þing, ef ástæða þykir til breytinga. Telur nefndin þá leið varlegri heldur en að hrapa nú að afgreiðslu þessa máls, litt athugaðs.

Einn nefndarmanna (ÓTh) var veikur, þegar nefndin afgreiddi þetta mál, og hefir því ekki tekið neinn þátt í afgreiðslu þess.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að þessu máli verði  
v í s a ð t i l s t j ó r n a r i n n a r.

Alþingi, 27. apríl 1932.

H. Stefánsson,  
form.

Magnús Jónsson,  
fundaskr., með fyrirv.  
Steingr. Steinþórsson.

Bernh. Stefánsson.  
frsm.